

MINNISMERKI UM STOFNUN LÝÐVELDIS

ÓÓ—Reykjavík, þriðjudag.

Sigurjón Ólafsson hefur nýlukið við að gera tillögu að minnismerki um stofnun lýðveldisins, að beiðni borgarráðs Reykjavíkur. Skoðuðu borgarráðsfulltrúar tillögu Sigurjóns í gær. Ekki er ákveðið hvort minnismerkið verði gert eftir tillögunni.


Þau frumdrög sem Sigurjón gerði eru úr plasti, og eru það fimm súlur, mismunandi haar og hver með sínu lagi, en mynda eina heild. Gerir listamaðurinn ráð fyrir að minnismerkið verði gert úr eir, og æ hæð þess verði allt að sjö

metrar, en lægsta súlan fimm metrar. Sigurjón sagði Tímanum, að hann gerði ekki ráð fyrir að minnismerkið stæði á stalli, eins og venjulegast er með höggmyndir, heldur á jafn sléttu og yrði gerð tjörn umhverfis það. Sigurjón sagði að þetta væri ekki simbólskt verk, og hverjum og einum leyfilegt að sjá út úr því sem sýndist, stuðla, stauta eða hvað annað sem andinn blæs áhorfendum í brjóst.

Óráðið er um staðsetningu verksins, ef reist verður, en sjálfur segist Sigurjón hafa í huga Kringlumýrina, sunnan Miklubrautar, en hugmyndir

eru uppi um að byggja þar upp „miðbæ“.

Borgarráð fól Sigurjóni að gera tillögu að minnismerki um stofnun lýðveldisins á Íslandi, á fyrra ári, og á að reisa minnismerkið í Reykjavík. Bandalag Ísl. listamanna og Arkitektafélag Íslands tilnefndu sitthvorn fulltrúaenn til að vera borgarráði til ráðuneytis um framkvæmdir í málinu. Eins og fyrr segir er ekki enn ráðið hvort minnismerkið verður gert eftir tillögunni, en nú er borgarráð búið að sjá tillöguna og væntanlega verður bráðlega ákveðið hvort minnismerkið verður reist eða ekki.



Sigurjón Ólafsson við tillöguna að minnismerki um stofnun lýðveldis á Íslandi.

(Tímamynd G.E.)